

Ársskýrsla
Verkmenntaskóli Austurlands
2015

Samvinna – þekking - árangur



Yfirlit

Fjöldi nemenda og starfsmanna: Nemendaígildi á vorönn voru 166,5 en 186,2 á haustönn. Á ársgrundvelli voru um 31 stöðugildi við skólann.

Námsframboð: Námsbrautir á vorönn voru 21 en 19 á haustönn

Framkvæmd markmiða í skólasamningi: Vel gekk að ná markmiðum skólasamning þó brottfall væri heldur hærra en stefnt var að. Brottfall á hverri önn hefur verið 4-6% allan skólasamningstímann. Skólasamningur rann út við lok árs 2015.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat: Umbótaráætlun 2013-2016 og innleiðing á ISO-9001 gæðastjórnunarkerfi.

Afkoma, rekstrarstaða: Höfðustóll jákvæður í ársbyrjun sem nemur 10,2 millj. og áætlaður jákvæður um 8 millj. í árslok.

Brottfall: Var 5,0% á vorönn en 4,9% á haustönn.

Stjórnun: Haustið 2014 var gerð úttekt á starfsemi skólans. Ráðgjafafyrirtækið Attentus gerði úttektina fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR). Úttektaraðilar unnu skýrslu í kjölfarið á úttektinni. Skýrsluhöfundar beina því til MMR að auka ætti starfshlutfall í stjórnun við skólann þar sem álag er mikið á yfirstjórn. Þrátt fyrir þetta mikla álag á stjórnendur skólans þá virðast starfsmenn skólans vera mjög ánægðir með stjórnun skólans samkvæmt könnuninni Stofnun ársins. Raunar kemur skólinn mjög vel út úr þeirri könnun í heild sinni (það sama má einnig segja um áðurnefnda úttekt – skólinn kemur heilt yfir vel út úr henni) og þar kemur m.a. fram að starfsfólk er ánægt með stjórnendur skólans.

Samvinna við aðra: Samstarf við Austurbrú, Fjarðabyggð, fyrirtæki og aðra framhaldsskóla m.a. með þátttöku í Fjarmenntaskólanum.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans: Kynning á skólanum með því að standa fyrir ýmsum viðburðum og ber þar sérstaklega að nefna Verknámsviku og Tæknidag fjölskyldunnar

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta er viðkemur starfsemi og rekstri Verkmenntaskóla Austurlands 2015. Árið var mjög viðburðarríkt og var mikil áhersla lögð á að kynna skólann og það nám sem hann hefur uppá að bjóða.

2. Nemendafjöldi, kennslumagn og námsframboð

Vorönn 2015

Ýmsar upplýsingar

- 220 nemendur
 - 121 kvenkyns
 - 99 karlkyns
- 2915 kenndar einingar
- 166,5 nemendaígildi
- 5,0% brottfall

Aldursskipting nemenda

Nemendur fæddir 1998	38
Nemendur fæddir 1997	19
Nemendur fæddir 1996	34
Nemendur fæddir 1995	30
Eldri nemendur	99
Heildarnemendafjöldi:	220

Meðalaldur nemenda er 25,8 ár

Skipting nemenda eftir námsbrautum

<i>Heiti brautar</i>	<i>Braut</i>	
Án brautar	ÁNB	15
Framhaldsskólabraut	FB	6
Félagsfræðibraut	FÉ	43
Grunnnám málm- og véltæknigreina	GMV	14
Grunnnám rafiðna	GR	17
Húsasmíði - iðnnám á verknámsbraut	HÚ8	9
Námsbraut fyrir leikskólaliða	LL	14
Meistaránám í vélvirkjun	MVS	1
Náttúrufræðibraut	NÁ	22
Námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum	SG	12
Sjúkraliðabraut	SJ	36
Skólaliðabraut	SK	1
Starfsbraut	ST	10
Vélstjórn	VVB	13
Vélvirkun	VS8	5
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VSS	2

Haustönn 2015

Ýmsar upplýsingar

- 246 nemendur
 - 136 kvenkyns
 - 110 karlkyns
- 186,2 nemendaígildi
- 3258 kenndar einingar
- 4,9% brottfall

Aldursskipting nemenda

Nemendur fæddir 2000	1
Nemendur fæddir 1999	41
Nemendur fæddir 1998	41
Nemendur fæddir 1997	17
Nemendur fæddir 1996	25
Nemendur fæddir 1995	17
Eldri nemendur	104
Heildarnemendafjöldi:	246

Meðalaldur nemenda er 24,2 ár

Skipting nemenda eftir námsbrautum

Námsbraut	Fjöldi
Án brautar	8
Framhaldsskólabraut	10
Félagsfræði – og félagsvísindabraut	56
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	11
Grunnnám rafiðna	21 (5 + 6)*
Hársnyrtiðn	0
Húsasmíði	1
Námsbr. fyrir LL, SG og SK	20
Grunnnám málm- og véltæknigreina	16
Náttúrufræði- og náttúrvívísindabraut	24
Meistaranám í húsasmíði	1
Sjúkraliðabraut	44
Starfsbraut	11
Vélvirkjun	4
Vélstjórnarbraut	16
Viðbótarnám til stúdentsprófs	3

* 5 nemendur eru á 1. önn og 6 nemendur eru á 2. önn. Aðrir nemendur sem skráðir eru í rafvirkjun eru að taka bóklegar greinar.

Skipting nýnema (1999) eftir búsetu

Breiðalsvík	Egilsstaðir	Reyðarfjörður	Eskifjörður	Neskaupstaður	Reykjavík
2 (4,8%)	4 (9,5%)	6 (14,3%) *(42,9%)	5 (11,9%) *(41,7%)	24 (57,1%) *(88,9%)	1 (2,4%)

*Hlutfall nemenda sem luku 10. bekk í byggðarkjarnanum.

83,3% nýnema koma úr Fjarðabyggð.

3. Starfsmannahald

Starfsmenn við stofnunina skiptast eftirfarandi:

- ➔ Skólameistari
- ➔ 27 kennarar í 19,9 stöðugildum á vorönn
- ➔ 29 kennarar í 21,4 stöðugildum á haustönn
- ➔ Áfangastjóri í 1 stöðugildi
- ➔ Námsráðgjafi í 1 stöðugildi á vorönn en í 0,75 á haustönn
- ➔ Félagslífs- og forvarnarfulltrúi í 0,25 starfshlutfalli
- ➔ Fjármálastjóri, skólafulltrúi og húsvörður í 3 stöðugildum
- ➔ Kerfisstjóri í 0,5 stöðugildi
- ➔ 3 ræstitæknar í 2,5 stöðugildi
- ➔ Heimavistarstjóri og matráður í 1,5 stöðugildi

Á ársgrundvelli voru 31,3 stöðugildi við skólann og meðal starfsaldur rúmlega 11 ár. Allir sem kenna 50% eða meira eru með kennsluréttindi fyrir utan fimm og af þeim er einn í kennsluréttindanámi.

Þegar stöðugildi v/ kennslu eru skoðuð kemur í ljós að 5 kennarar/leiðbeinendur voru í minna en hálfu stöðugildi á vorönn en 7 á haustönn. Með þessu móti tekst að manna þá kennslu sem þarf til að bjóða fjölbreytt nám og er þá sérstaklega átt við iðnnámið. En einnig þurfti skólinn að kaupa kennslu af fagaðilum í 14 einingum á vorönn og 16 einingum á haustönn.

Undanfarin ár hefur VA boðið upp á fjarnám með vinnu og þá í gegnum kennsluvef. Þarna hafa stórir hópar farið í gegn og orðið skólanum lyftistöng. Skólinn leitar nú nýrra tækifæra á þessum markaði bæði einn og sér og í samvinnu við samstarfsskóla í Fjarmenntaskólanum.

Úttekt á starfsemi VA o.fl.

Haustið 2014 var gerð úttekt á starfsemi skólans. Ráðgjafafyrirtækið Attentus gerði úttektina fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið (MMR). Úttektaraðilar unnu skýrslu í kjölfarið á úttektinni. Skýrsluhöfundar beina því til MMR að auka ætti starfshlutfall í stjórnun við skólann þar sem álag er mikið á yfirstjórn. Ljóst er að á lagið hefur ekki minnkað frá því úttekin var gerð. Innleiðing á nýjum kjarasamningi kennara hefur kallað á mikla aukavinnu stjórnanda. Sú vinna hefur í rauninni bæst við eftir að úttektin var gerð haustið 2014 enda kom hið svo kallaða vinnumat í kjarasamningnum ekki til sögunnar fyrr en skólaárið 2015-2016. Skýrsluhöfundar hafa því ekki þá miklu vinnu í huga sem hlýst af vinnumatinu en telja þó álag á stjórnendur of mikið. Ekki hefur verið brugðist við þessum ábendingum og raun hafa stjórnendur skólans ekki fengið nein viðbrögð frá MMR varðandi þetta mat úttektaraðila og því eru starfshlutföll í stjórnun þau sömu og þegar úttekin var gerð haustið 2014. Þrátt fyrir þetta mikla álag á stjórnendur skólans þá virðast starfsmenn skólans vera mjög ánægðir með stjórnun í skólans samkvæmt könnuninni Stofnun ársins. Raunar kemur skólinn mjög vel út úr þeirri könnun í heild sinni m.a. kemur fram að starfsfólk er ánægt með stjórnendur skólans og kemur það heim og saman við niðurstöður úttektar Attentus. Of mikið álag á stjórnendur er hins vega áhyggjuefni og gengur ekki til lengdar. Fjárhheimildir skólans leyfa það hins vegar ekki að stöðugildum sé fjölgað og því verður ekki séð að úr þessu verði bætt nema með frekari fjárhheimildum þó möguleikar á hagræðingu séu alltaf til skoðunar.

4. Framkvæmd skólasamnings, verkefni og styrkir

Skólasamningur

Samningurinn er útrunninn en hann var frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2015. Viðauki er með samningnum þar sem markmið eru tímasett. Allt hefur þar staðist nema að brottfall var heldur meira en stefnt var að. Brottfall á hverri önn hefur verið 4-6% allan skólasamningstímann. Einnig hefur ekki enn orðið af rýnifundum með kennurum unglungastigs í grunnskólum Fjarðabyggðar. Annað í viðaukanum hefur verið framkvæmt m.a. Tæknidagur fjölskyldunnar, kynningarheimsóknir og verknámsvika.

Samkvæmt viðaukanum á allt nám í VA að vera í samræmi við aðalnámsskrá 2011 að hausti 2015. Eins og hjá flestum öðrum framhaldsskólum þá hófst kennsla í haust eftir nýjum bóknámsbrautum. Með því ætti innleiðingu á framhaldsskólalögum frá 2008 og Aðalnámskrá frá 2011 að vera lokið hvað bóknámsbrautirnar varðar. Þrjár nýjar stúdentsbrautir hafa nú fengið samþykki hjá MMR. Uppsetning og innleiðing á þessum brautum kallaði á mikla aukavinnu hjá stjórnendum og kennurum skólans. Hvað varðar starfsnámsbrautir þá er innleiðingu á nýjum brautum ekki lokið þar en skólinn er í samstarfi við aðra verk- og fjölbautaskóla hvað þá innleiðingu varðar.

Styrkir og þróunarverkefni:

Skólanum bárust góðir styrkir til starfseminnar. Helstu styrkir voru eftirtaldir:

- ➔ Styrkarsjóður SÚN styrkti kaup á CNC vélbúnaði vegna kennslu á vélstórnarbraut.
- ➔ Uppbygginarsjóður Austurlands styrkti skólann vegna Tæknidags fjölskyldunnar.
- ➔ Leikfélagið Djúpið í VA fékk góða styrki frá:
SÚN, Alcoa Fjarðaáli, Fjarðabyggð, Sparisjóði Norðfjarðar og SVN.

Þróunarverkefni:

Skólinn tekur þátt í ýmsum þróunarverkefnum í samstarfi við aðra.

- ✚ Samstarf við Austurbrú vegna Tæknidags fjölskyldunnar, nýsköpunaráfanga, vélfræði fyrir vélamenn og tæknistudds náms fyrir fullorðna.
- ✚ Samstarf við Fjarðabyggð vegna verknámsviku.
- ✚ Fjarmenntaskólinn. Samvinna við aðra framhaldsskóla varðandi námsframboð í fjarnámi.
- ✚ Samstarf við Tækniskólann, Iðnskólann í Hafnarfirði, FNV, MÍ, VMA og FS við gerð námsbrautar í hársnyrtíðn.
- ✚ Samstarf við MÍ og FNV til að vinna sameiginlega að gerð námsbrautar í vélvirkjun sem tekur tillit til samkeyrslu við vélstjórnarbraut B – stigs.

5. Ársreikningur

Höfuðstóll í byrjun árs var jákvæður um 10,2 millj.

Leiðréttigar á árinu 2015:

- v/launabóta 9,8 millj.
- v/starfsbrautar 8,3 millj

Höfuðstóll í árslok 2015 er áætlaður 8 millj.

Fjárheimild VA árið 2015	Allar tölur í milljónum króna
Höfuðstóll frá 2014	19,218
fjárlög ársins 2015	287,700
leiðréttigar innan ársins	18,146
	316,035

Áætlaður rekstur VA 2015	Allar tölur í milljónum króna
aðrar rekstrartekjur	-4,354
sértekjur	-21,532
launagjöld	246,903
almennur rekstur	87,105
	308,122

6. Sjálfsmat

Frá haustinu 2002 hefur sjálfsmatsnefnd VA starfað eftir viðmiðum menntamálaráðuneytisins Sjálfsmat skóla - leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar (Menntamálaráðuneytið 1977). Það sem þar kemur fram heldur gildi sínu enn þann dag í dag borið saman við það sem fram kemur bæði í reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum (Rg. 700/2010) og aðalnámskrá framhaldsskóla. Á þessu matstímabili, 2013-2016, hefur einnig verið unnin tímasett umbótaáætlun sem endurskoðuð er á hverju ári. Sjálfsmatið hefur alla tíð verið kerfisbundið og gagnvirk. Dæmi um þetta er að þegar skipulagðir eru stórir viðburðir í skólanum s.s. árshátið eða opnir dagar þá liggja fyrir kannanir frá fyrri slíkum viðburðum og er ávallt leitast við að taka tillit til athugasemda sem þar koma fram. Ekki má gleyma áfangamati sem fram fer í lok hverrar annar, þar sem metinn er a.m.k. einn áfangi hjá hverjum kennara. Niðurstöður hverrar annar hafa alltaf verið kynntar á starfsmannafundi í lok annar og allar skýrslur eru birtar á heimasíðu skólans. Á haustönn 2015 var í fyrsta sinn gert svonefnt fram vindumat í hverjum áfanga. Í því er rætt við sérhvern kennara og hann m.a. spurður um hvort kennsla gangi samkvæmt áætlun. Einnig skila kennrarar áfangaskýrslu fyrir hvern áfanga í lok annar þar sem þeir segja m.a. hvernig kennslan hafi gengið og hvort allur búnaður hafi hæft áfanganum. Mun þetta verða hluti af sjálfsmati VA hér eftir. Á haustönn 2015 hófst vinna við undirbúning að innleiðingu ISO-9001 gæðastjórnunarkerfis við VA. Ætlunin er að á haustönn 2016 verði hafist handa við innleiðingu með formlegum hætti og mun þá sjálfsmat við VA taka talsverðum breytingum frá því sem nú er.

7. Endurbætur og endurnýjun á húsakynnum og búnaði skólans

Húsnæði skólans er að mörgu leyti mjög gott hvað kennsluaðstöðu varðar. Hins vegar er ekki góð aðstaða fyrir félagslíf nemenda og ekki er neinn samkomusalur í skólanum. Þegar kalla þarf nemendur saman „á sal“ eða þegar nemendur koma saman í skólanum í félagsstarfi eða af sérstökum tilfellum þá er ekki annað húsnæði í boði en anddyri gamla skólahúsnæðisins. Þetta rými er kallað setustofa. Miðað við það sem flestir aðrir framhaldsskólar búa við þá er þetta ófullnægjandi. Þessi skortur á samkomusal stendur skólastarfinu tvímælalaust fyrir þrifum. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þegar nemandi velur sér framhaldsskóla þá lítur hann á fleira en námsframboð, orðspor skóla í námi og skólahúsnæði. Hann skoðar ekki síður orðspor skólans í félagslífi og til þess að nemendur geti stundað gott og skapandi félagslíf þarf að búa þeim aðstöðu til þess og slíkur samkomusalur er þar lykilatriði. Erindi varðandi þetta hefur verið sent á MMR og tekið upp á skólasamningsfundum.

Á árinu 2015 voru gerðar nokkrar endurbætur á húsakynnum og búnaði skólans. Ljóst er hins vegar að veruleg uppsöfnuð þörf er komin á frekari endurnýjun á húsgönum og tækjabúnaði en fjárhheimildir leyfa það ekki að svo stöddu enda þarf skólinn að setja meira fjármagn í laun en fjárlög gera ráð fyrir og kemur það niðurá nauðsynlegri endurnýjunar á tækja- og húsbúnaði¹. Eftirtalið var það helsta sem gert var varðandi endurbætur og endurnýjun á húsakynnum og búnaði skólans:

- Settar voru upp sjö eldvarnarhurðir í bóknámshús og einnig voru settir seglar á þær (til að halda þeim opnum ef á þyrfti að halda)
- Hjúkrunar/viðtalsherbergi var stækkað og skipt um gólfefni, plötur í lofti, málað og innréttar á nýjan hátt.
- Ný geymsla tekin í notkun í aðalanddyri bóknámshús þar sem fatahengi voru áður. Bætir þetta geymsluáðstöðu skólans mikið.

¹ Skólinn er í sama vanda og aðrir framhaldsskólar þ.e. að fjárfamlög til skólanna til að mæta launakostnaði eru mun lægri en meðallaun framhaldsskólakennara. Einig er ekki tekið tillit til aldurstengds kennsluafsláttar í fjárfamlögunum.

-
- Keypir vorur 15 háir stólar fyrir hina nýju hátækni smíðastofu (Fab-lab) sem tekin var í notkun haustið 2014. Er aðbúnaður í þessari smíðastofu nú orðinn hinn glæsilegasti.
 - Keyptr voru tölvuskjáir fyrir kennara til að bæta starfsaðstöðu þeirra í vinnuherbergjum. Þeir geta nú tengt fartölvur við þessa skjá. Hefur þetta í för með sér umtalsvert bætt starfsumhverfi kennara.

8. Áherslur í kennslu og starfsemi skólans

Mikil áhersla var lögð á kynningu á skólanum árið 2015 . Eins og undansfarin ár þá komu nemendur úr grunnskólunum á Austurlandi í heimsókn í skólann. Sú nýbreytni var nú að VA og ME voru með sameiginlegan kynningardag á Egilsstöðum í mars þegar flestir nemendur á unglingastigi á Austurlandi voru þar samankomnir til að fylgjast með svo kölluðu Skólahreysti. Tókst þetta vel og vinna skólanir að frekara samstarfi á sviði kynningarmála en einnig á öðrum sviðum eins og auknu samstarfi um félagslíf nemenda.

Sérstök áhersla var eins og áður lögð á að kynna verknámið t.d. var verknámvika haldin í þriðja sinn. Um er að ræða samstarf við vinnuskóla Fjarðabyggðar þar sem skipulögð er heil vinnuvika í byrjun júní þar sem allir nemendur í vinnuskólanum sem ljúka 9. bekk komu til vinnu og náms í verknámsdeildum VA. Sjö öflug fyrirtæki í Fjarðabyggð standa við bakið á verkefninu með fjárstuðningi en skólinn og kennrar hans sjá um allt skipulag á vettvangi. Sveitarfélagið greiðir svo nemendum laun. Þessi hugmynd kvíknaði í skólaferð VA til Svíþjóðar vorið 2012. Óhætt er að segja að verkefnið hafi vakið mikla athygli og hafa aðir skólar og sveitafélög sýnt því áhuga. Ljóst er að þetta verkefni er komið til að vera því VA og Fjarðabyggð hafa gert nýjan þriggja ára samning um verkefnið.

Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn í þriðja sinn í október. Dagurinn var haldinn í húsnæði skólans eins og verið hefur en að þessu sinni var íþóttahúsinu bætt við enda dagskráin mun umfangs meiri en verið hefur. Talið er að um 700-800 manns hafi sótt Tæknidaginn 2015 (623 skráðu nafn sitt í gestabók). Dagskráin byggist á því að nemendur og kennrar eru með ýmis verkefni til sýnis ásamt því sem ýmsar stofnanir og fyrirtæki sýndu tæknibúnað o.fl.. Undirbúningur fyrir næsta Tæknidag er þegar hafinn enda er þessi dagur kominn til að vera og stefnt á að halda hann á haustönn ár hvert. Tæknidagurinn 2016 muni verða sérstaklega glæsilegur í tilefni af 30 ára afmæli skólans.²

² Eitt af því sem verður gert er að atvinnulífið kemur með formlegri hætti að skipulagninug og framkvæmd Tæknidags Fjölskyldunnar 2016 en verið hefur.

Áherslur í kennslu

Árið 2014 voru teknir upp vinnustofudagar á miðri önn og við lok annar. Vinnustofudagar nýtast nemendum til að vinna að verkefnum sem á að skila í tengslum við miðannarmat eða lokamat og fyrir miðannar- og lokapróf. Almenn ánægja var með þessa vinnustofudaga hjá nemendum og starfsfólki. Skólinn hélt áfram að þróa þetta vinnustofu fyrirkomulag og á haustönn var því bætt við að í flestum bóklegum- og fagbóklegum fögum var settur inn einn vinnustofutími í hverri viku. Kemur þessi tími í staðinn fyrir eina kennslustund og geta nemendur valið þær vinnustofur sem þeim hentar hverju sinni. Hefur þetta því ákveðinn sveigjanleika í för með sér fyrir nemendur.


Haustið 2011 varð VA heilsueflandi framhaldsskóli. Þátttaka í þessu verkefni hefur mjög markað skólastarfið t.d. verða opnir dagar á vorönn 2016 í anda heilsueflandi framhaldsskóla og nefnast Geðræktardagar.³

³ Sérstök verkefnisstjórn var skipuð varðandi uppsetningu og framkvæmd þessara Geðræktardaga og er forvarnarfulltrúi starfsmaður hennar. Nánar verður fjallað um Geðræktardagana í næstu árskýrslu.

9. Lokaorð

Glöggt má sjá við lestar þessarar skýrslu að árið 2015 var viðburðarríkt í Verkmenntaskóla Austurlands. Framkvæmd markmiða í skólasamningi hefur hleypt auknu lífi í starfsemi skólans og mætti þar helst nefna Verknámsvikuna og Tæknidaginn. Skólasamningur er hins vegar útruninn og er mikilvægt að endurnýja hann. Rekstur skólans er innan fjárheimilda en þó hefur gengir á höfuðstól undansfarin ár. Mikilvægt er fyrir skólann að fá auknar fjarheimildir til að fjölga stöðugildum í stjórnun - eins og skýrsla úttektaraðila á starfsemi skólans bendir á. Einnig er komin veruleg uppsöfnuð þörf á að endurnýja tæki- og húsbúnað.

Fjarðabyggð 1. apríl 2016.



VERKMEINTASKÓLI
VERKMEINTASKÓLI
AUSTURLANDS
POSTHÖLF 282, 740 NEUKAMPSTADUR

Elvar Jónsson

skólameistari

Verkmenntaskóla Austurlands